

innskriptargjaldið aptur, og vesturfararnir verða sjálfir að bera afleiðingarnar af því, að þeir kusu heldur að fara, en að slíta samningi sínum við fjelagið.

94  
9. júní.

Þetta er tjáð yður, herra amtmaður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda.

— *Brief landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um þóknun handa Þjóðjarðarlandseta.* — Þó jeg verði að álíta það skyldu ábúanda á jörðum þeim, þar sem nokkuð hætt er við skriðum, að hreinsa burt svo fljótt sem auðið er skriður þær, er falla kynnu á tún þeirra og engjar, vil jeg samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í brjefi frá 27. febr. þ. á. hjer með veita bóndanum Hólga Þorsteinssyni í Rugludal 10 kr. þóknun fyrir röggsemd þá, er hann sýndi sumarið 1876 í því að hreinsa burt skriðu þá, er fjell á tún nefndrar jarðar, og má greiða honum þóknun þessa úr umboðssjóði.

95  
12. júní.

Þetta er tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda.

— *Brief landshöfðingja til prestsins á Hólum um lán gegn veði í fasteign.* — Þjer hafið herra prestur farið þess á leit, að jeg vildi styðja að því, að barnaskólanefndinni í Reyðarfjarðarhreppi verði leyft að lána út 1400 kr. gegn 6% vöxtum og fasteignarveði.

96  
12. júní.

Fyrir því vil jeg ekki undir höfuð leggjast að tjá yður að samkvæmt 1. grein tilsk. 27. maí 1859 verður engum leyft að lána út fje gegn veði í fasteign og hærri ársvöxtum en 4 af hundraði. Síðan hefir raunar með tilsk. 5. jan. 1874 verið ákveðið að veita megi sparissjóðum undanþágu frá þessari ákvörðun, en öðrum stofnunum eða einstökum mönnum verður slík undanþága ekki veitt.

*Brief landshöfðingja til amtmannsins yfir norður og austur umdæminu um fjárveitingarvald sýslunefndar.* — A fundi árið 1877 ákvað sýslunefnd Eyfirðinga að greiða úr sýslusjóði Skapta ritstjóra Jósepsyni 132 kr. 60 a., sem kostnað við fór hans suður á Þingvöll 1876, til þess að taka af hendi Eyfirðinga þátt í almennum fundi, er boðaður hafði verið út af fjárkláðanum á suðurlandi. Þegar veturinn þar á eptir gjörðabók sýslunefndarinnar var rannsökuð af amtsráðinu, gjörði það 14. febrúar f. á. þá athugasemd, að með því 39. gr. sveitastjórnarlaganna gæfi eigi heimild til hinnar umræddu fjárveitingar, væri hún ólögmaet, og yrði upphæð hennar því eigi færð sýslusjóðnum til útgjalda, þó að amtsráðið að öðru leyti álíti sanngjarnt og tilhlýðilegt, að sýslubúar endurgildu viðkomanda ferðakostnað á einhvern annan og betur við eigandi hátt. Eptir að sýslunefndin hefir síðan áfrýað þessum úrskurði hingað, og þjer, herra amtmaður, hafið fyrir hönd amtsráðsins léitt ítarleg rök að honum, vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum, það er nú segir:

97  
13. júní.

Það er vitaskuld að 39. gr. tilskipunar um sveitarstjórn frá 4. maí 1872 inniheldur ekki lagaheimild fyrir hinu áminnsta gjaldi, og að gjöld þau, sem eru sýslunni alveg óviðkomandi, verða ekki greidd úr sýslusjóði; en hinsvegar má samkvæmt 42. gr. tilskipunarinnar greiða úr sýslusjóði ekki að eins gjöld þau, sem lagaheimild er fyrir, en

**97** einnig þau, sem ákveðin eru af sýslunefnd eða amtsráði, og getur varla verið vafi um það, að rjett sje að ávísa úr sýslusjóði sjerhverju gjaldi því, er varðar almenning í sýslunni þó bein lagageimild sje ekki fyrir því. Þarf samþykkis amtsráðs til þess, ef gjaldið verður heimfært undir 43. gr. sbr. 26. gr. tilsk., en annars ræður sýslunefndin því ein.

Með því nú að sýslunefndin hefir ákveðið, að greiða skuli gjald það, er hjer ræðir um úr sýslusjóði, með því að gjaldið eptir samhuga álitu sýslunefndarinnar og amtsráðsins snertir hag sýslubúa, og með því að það verður ekki heimfært undir 43. gr. sbr. 26. gr. tilsk. 4. maí 1872, má hin áminnzta útgjaldagrein í sýslureikningnum samkvæmt 42. gr. tilskipunarinnar óhöggud standa.

**98** — *Brjef landshöfðingja til stiptyfirvaldanna um styrk handa barnaskóla.*  
13. júní. — Samkvæmt tillögum stiptyfirvaldanna í þóknanlegu brjefi frá 3. þ. m.; hefi jeg af fje því, sem getur um í 13. gr. C.6. fjárlaganna veitt barnaskólanum í Gerðum í Rosmhvalanesshreppi 200 kr. styrk fyrir þetta ár.

Þetta er tjáð stiptyfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, og læt jeg fylgja ávísun á áminnzta upphæd.

**99** — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um sakamálskostnað.*  
21. júní. — Með úrskurði frá 1. nóv. f. á. er sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu hefir skotið hingað, hafið þjer, herra amtmaður, ákveðið, að 74 kr. málskostnaður við rannsókn um þjófnaðargrun gegn Ólafi nokkrum Ólafssyni auknefndum «kunningja», ætti ekki að greiðast úr jafnaðar sjóði, heldur af þú Ólafs, en hann dó áður en rannsóknin var til lykta leidd, og sakamál höfðað á móti honum.

Hin áminnzta rannsókn byrjaði 29. ágúst 1877 á Seyðisfirði, og gekk grunurinn út á, að Ólafur hefði stolið 5 kindum, sem hann haustið þar á undan, 1876, hefði haft undir höndum og sagt, að hann hefði keypt af vesturförum; en kostnaður sá sem spurning er um, hefir sprottið af 2 ferðum, sem sýslumaður fór 10. og 23. sept. 1877 til að yfirheyra vitni í málinu. Þjer byggði herra amtmaður, úrskurð yðar á því, að Ólafur heitinn hafi gefið tilefni til rannsóknarinnar; en þó þetta kynni að vera, og þó spurning hefði orðið um, að dæma hann til að greiða bæði kostnað þenna og annan málskostnað, ef mál hefði verið höfðað móti honum, áður en hann dó, getur því síður komið til tals að skipa sýslumanni nú að höfða mál fyrir þessum kostnaði gegn erfingja Ólafs, er virðist að hafa tekið við búinu eptir hann, sem líkur þær, er koma fram gegn neitun Ólafs um að hafa orðið sekur í því, sem upp á hann var borið, ekki voru svo sterkar, að líklegt sje, að hann, ef ekkert meira hefði komið fram gegn honum, hefði orðið fyrir útlátum í málinu.

Samkvæmt því, sem þannig er sagt, og með því að þjer, herra amtmaður, hafið samþykkt upphæd kostnaðarins, fæ jeg ekki sjeð, að jafnaðarsjóður norður- og austuramtsins komist hjá að greiða þessa upphæd.

**100** — *Brjef landshöfðingja til amtsráðs norður- og austurumdæmisins um fæðis-*  
25. júní. *kostnað málleysingja.* — Í brjefi frá 28. f. m. hafa hinir 2 kosnu amtsráðsmenn út af því, að jeg 25. apríl þ. á. hafði beiðzt álits amtsráðsins um það, hvort mál-